



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Áhrif efna á andrúmsloft bygginga

Getum við byggt andrúmsloft?

Arnar Grétarsson

Lokaritgerð til BA-prófs
Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild

Áhrif efna á andrúmsloft bygginga

Getum við byggt andrúmsloft?

Arnar Grétarsson

Lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr

Leiðbeinendur: Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir

Arkitektúr

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Desember 2015

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Er hægt að byggja andrúmsloft? Í þessari ritgerð reyni ég að komast nær svarinu við þessari spurningu. Rauði þráðurinn er áherslan á efni og þá aðallega náttúruleg efni. Ég tel að efni sem geta bundið sögu staða eða notkunar sögu í hjúp sínum séu verulega verðmæt fyrir okkar líkamlegu og andlegu tilvist. Fyrir mér er heiðarleiki í efnisnotkun mikilvægur þáttur, allt sem kemur frá náttúrunni varðveittur í raun söguna um hvernig það varð til. Við eigum að gagnrýna vestrænu gildin, viðhorf okkar til fegurðar og ódauðleika efna sem eiga oftast en ekki að glansa og vera sem ný. Sprungur, beyglur, upplitun og ryð tel ég vera gæði, því það er vegvísir sögunnar sem efnið hefur mátt þola. Sagan er okkur mikilvæg. Þegar við skynjum stað eða rými notumst við við flókið samspil skynjanna og óteljandi þátta sem líkaminn tekur inn á augabragði og skynjar sem andrúmsloft. Þetta ber að hafa í huga þegar við dæmum og mátum okkur við byggingar. Við þurfum að upplifa arkitektúr en ekki dæma hann af myndum í glanstímaritum. Nýbyggingar í dag eru að mestu búnar til úr efnum sem eru mikið unnin eða gerviefnum sem hafa fyrir löngu misst öll tengsl við uppruna sinn, sögu og náttúru. Þau eru okkur fjarlæg og ópersónuleg og þar af leiðandi gera þau lítið fyrir skynfæri okkar.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Hvernig skynjum við rými?	7
Skynfærin sjö	7
Hljóðvist	7
Snerting	8
Bragð	8
Bein og vöðvar	9
Rými lyktar	9
2. Andrúmsloft (Atmosphere)	11
3. Saga í náttúrulegum efnum	13
4. Nýbyggingar	16
Lokaorð	20
Heimildaskrá	22

Inngangur

Arkitektúr snýst ekki einungis um form bygginga eins og áherslan virðist oft vera lögð á. Hann snýst um svo miklu meira. Fyrir mér væri mikilvægara að nefna lykt, leik að skuggum, efni, strúktúrinn og allt það sem mótar andrúmsloft bygginga. Formið mætti setja aftast í röðina.¹ Algengt er að við setjum sjónina í fyrsta sæti skynfæranna. Með því á mikilvægur partur hönnunarferlisins til að gleymast. Það ætti að hanna fyrir öll skynfæri okkar og skoða hvað hrífur okkur í raun og veru.² Arkitektinn Peter Zumthor hefur velt þessari spurningu upp og tekið hugmyndafræðina inn í byggingar sínar og skrif. Hann lét þessi orð falla í bók sinni *Atmospheres*: „Sá arkitektúr sem ég aðhyllist eru byggingar sem hreyfa við mér.“³

Í þessari ritgerð mun ég reyna að komast að því hvað það er sem hrífur mig í raun og veru og vonast ég til þess að með því muni ég geta vakið upp spurningar og vonandi umræðu sem lesendur tengja við. Fyrst mun ég taka fyrir skynfærin okkar og athuga hvernig við skynjum rými. Augun eru ef til vill drottning skynfæranna sem tekur oft yfir þegar fólk mætir byggingu og dæmir hana. Netið, glanstímarit og samkeppnir hafa ef til vill ýtt undir að nýbygging geti verið dæmd af mynd eins og hver önnur auglýsingavara og hefur maður þá tilfinningu að þau viðhorf skili sér í of ríkum mæli inn í nýbyggingar. Finnski arkitektinn Juhani Pallasmaa er einn þeirra hugsuða sem skrifað hefur mikið um fyrirbærafræði og það hvernig við skynjum rými. Ég mun meðal annars skyggast inn í hans hugmyndir og reyna að komast að því hvað það er sem við finnum fyrir í upplifun okkar á rými og ekki síst hvernig við upplifum það.

Hvað er það í loftinu sem gerir rými sérstakt? Það fyrirbæri sem við finnum í loftinu er talað um á ensku sem atmosphere, ég kys að þýða það sem andrúmsloft og notast ég við það íslenska orð í gegnum ritgerðina. Mér vitandi er ekkert íslenskt orð sem nær að fullu merkingu orðsins atmosphere en nokkur eru nálægt því. Þar ber að nefna auk andrúmslofts, staðaranda og hughrif. Ég tala um andrúmsloft bæði sem heildstæða, huglæga upplifun á rými, en einnig sem þá tilfinningu sem ég tel að efni geti gefið frá sér.

¹ Amy Frearson, „Architecture is not about form”, *Dezeen*, sótt 12. október af <http://www.dezeen.com/2013/02/06/peter-zumthor-at-the-royal-gold-medal-lecture-2013/>.

² Steven Holl, Juhani Pallasmaa og Alberto Pérez Gómez, *Questions of Perception: Phenomenology of Architecture*, ný útgáfa, San Francisco, CA: William Stout, 2006, bls. 41.

³ Peter Zumthor, *Atmospheres: Architectural Environments – Surrounding Objects*, Basel: Birkhauser, 2006, bls. 11. Þýðing höfundar á eftirfarandi texta: Quality architecture to me is when a building manages to move me.

Áhersla á efni er rauður þráður í gegnum ritgerðina. Ég skoða efni, þá aðallega náttúruleg efni eða efni sem geta geymt í sér sögu. Sagan í efni er eitthvað sem ég trúi að hafi sterk áhrif á okkur andlega og líkamlega. Ég ber saman þau gæði sem ég sé í náttúrulegum efnum við ný efni sem komu með iðnbyltingunni og módernismanum ásamt því að leggja fram spurninguna um hvort fjöldaframleiðsla og tímaleysi í yfirboði byggingarefna hafi áhrif á okkar líkamlegu jafnt sem andlegu upplifun. Það er að segja, að spyrja hvort okkur sé að sjást yfir mikilvægan þátt í byggingarlist í hröðu umhverfi nútímans? Er einungis verið að hanna fyrir líkamlega tilvist mannsins? **Getum við byggt andrúmsloft?**

1. Hvernig skynjum við rými?

Skynfærin sjö

Samkvæmt arkitektinum Juhani Pallasmaa upplifa einstaklingar arkitektúr með sjö skynfærum. Hann heldur því fram að kerfið sem við þekkjum sem skilningarvitin fimm sé komið til af heimsmýndinni um líkamann sem tengdur er við frumelementin. Þar er sjóninni líkt við eld og ljós, heyrn við loft, lykt við gufu, bragði við vatn og snertingu við jörð. Hann endurskoðaði þetta kerfi og lagði fram hugmyndina um að þegar við skynjum rými notum við sjö skilningarvit. Hann gefur þeim öllum sama vægi og telur að þegar við mælum og metum gæði rýma notum við augu, eyru, nef, skinn, tungu, bein og vöðva.⁴ Eins og skáldið Noel Arnaud orðaði það: „Ég er rými, þar sem ég er.“⁵ Þegar fólk gengur í gegnum skóg örvast öll skilningarvitin. Það finnur lyktina af trjánum og bragðið af jörðinni í loftinu. Beinir og vöðvarnir aðlaga sig og bregðast við ójöfnu í undirlaginu. Ryðminn heyrir í göngulaginu þegar sprekin og laufblöðin svara þunganum í sporinu. Vindurinn leikur um skinnið og spilar tónverk á tréin. Ljosið brotnar á greinunum, tónverk skugganna og umhverfið örvar mann.⁶ Allt þetta hefur góð áhrif á okkur, andlega sem líkamlega, ef marka má rannsóknina *Architectural Lessons from Environmental Psychology*, þar sem komið er inn á að náttúran dragi úr stressi og hafi góð áhrif á líðan fólks.⁷ Við erum komin af náttúrunni og höfum líklega einstaka tilfinningu fyrir gildum hennar. Til að mynda hefur lykt af skóglendi verið notuð á spítölum til að róa fólk.⁸ Þetta er eitthvað sem ég tel að sé mikilvægt að hafa í huga þegar kemur að því að hanna byggingu.

Hljóðvist

Við eigum að geta aðgreint tóma íbúð frá íbúð sem er búið í, út frá hljóði. Hjóðið endurkastast hvasst og óhindrað til manns í tómu íbúðinni á meðan húsgögnin og lífverur draga úr og mýkja endurkast hljóðsins í íbúðinni sem búið er í.

Þeir sem hafa dvalið í stórborg kannast ef til vill við hljóð borgarinnar að næturlagi. Oft heyrast lestarhljóð í fjarska sem endurkastast af veggjum borgarinnar þegar setið er við

⁴ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 42.

⁵ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 47.

Þýðing höfundar á eftirfarandi texta: "I am the space, where I am,"

⁶ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 42.

⁷ Yannick Joye, „Architectural Lessons from Environmental Psychology: The case of biophilic architecture,” *Review of general psychology* 11, 4 (desember 2007): 305-328, bls. 305

⁸ Richard Mazuch og Rona Stephen, „Creating healing environments,” *Journal of public mental health* 4, 4, (desember 2005): 48-52, bls. 49-50.

opinn gluggann heima hjá sér. Maður finnur fyrir tilvist fjölda fólks sem erfitt er að koma tölu á, því hljóð frá þeim blandast saman í bergmáli götunnar. Á gangi um hljóðlát, dimm stræti þar sem borgin þagnar í bergmáli regndropanna, fer að skapast ímyndað og formað holrúm í ímynduninni. Hljóðið mælir upp rými og gefur tilfinningu fyrir skala.⁹ Hver borg hefur í raun sína eigin hljóðvist og sín hljóðsérkenni. Ef maður ber saman ríkjandi hljóð í Barcelona og New York er hljóðrýmið virkilega ólíkt. Á götum Barcelona ferðast margir á mótörhjólum sem gefa frá sér hávær hljóð þannig að mótörhjólahljóðin verða ríkjandi. Í New York, nánar tiltekið í Brooklyn, heyrir maður varla í allri umferðinni því yfirgangur íbúanna og hávaði er svo mikill. Fólk tekur stofuhljómtækin sín út á götu og spilar fyrir borgina. Heyra má R&B tónlist í einni götu og Hip-hop í þeirri næstu.¹⁰

Arkitektúr getur einnig verið listform þagnarinnar. Byggingar geta aftengt þig frá amstri dagsins og gefið tilvist þinni á þeim tíma meira vægi þar sem líkamlegur ryðmi þinn fær að njóta sín.¹¹

Snerting

Skinnið á okkur býr yfir þeirri getu að finna fyrir hitastigi ásamt því að geta lesið áferðir, þyngd og þéttleika efna. Hendur búa yfir sögu. Þær hafa meira að segja sína eigin menningu og eigin fegurðargildi. Við tökum í hendur kynslóðanna þegar við opnum hurð á gamalli byggingu. Bygging tekur í hönd þér með hurðarhúni. Með fótunum finnum við fyrir þyngdaraflinu og við drögum upp áferð og þéttleika jarðarinnar í gegnum iljarnar.¹² Augun snerta líka. Við gætum hugsað um snertingu sem undirmeðvitund sjónarinnar. Við sjáum yfirborð úr fjarlægð og snertingin sem er í undirmeðvitundinni túlkar fyrir okkur þægindastig upplifunarinnar.¹³

Bragð

Sjón og snerting geta einnig kallað fram bragð. Bragðið getur stjórnað af litlum smáatriðum eða litum. Það er tenging milli snertingar, sjónar og bragðskyns. Til að mynda örvast bragðskynið þegar maður sér og snertir yfirborð hluta sem er mjúkt eða gróft. Í okkur býr djúp þörf sem á uppruna sinn að rekja til bernsku okkar þar sem við smökkum og sleikjum hluti og efni til að kynnast heiminum. Þegar við eldumst fáum við útrás fyrir þessa þörf í gegnum snertingu og sjón. Við erum einhvern veginn búin að yfirfæra margt

⁹ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 42-44.

¹⁰ Geoff Manaugh, *The bldg blog book*, San Francisco: Chronicle books, 2009, bls. 149.

¹¹ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 44.

¹² Juhani Pallasmaa, *The eyes of the skin: Architecture and the senses*, 2. útg., Chichester: Hoboken, NJ: John Wiley and Sons, 2005, bls. 60-62.

¹³ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 45-46.

sem munnurinn gerir fyrir okkur á önnur skynfæri en undir niðri er hann enn að starfa og mata hin skynfærin á upplýsingum. Uppruna rýmisskynjanna okkar má í raun rekja aftur í holrúmið í munninum.¹⁴

Bein og vöðvar

Frumbyggjar notuðu líkamann sem mælikvarða fyrir sitt manngerða umhverfi. Hjá frumstæðu fólki hefur varðveist mikið af upplýsingum í vöðvaminninu. Upplýsingarnar eru skrifaðar í beinin og vöðvana í tengslum við staðinn sem fólk býr á. Pallasmaa telur að mikið af þessum upplýsingum erfist í gegnum kynslóðirnar og tengist einnig því, í hverskonar rými við upplifum okkur örugg.¹⁵

Ég tengi vöðvaminnið við hljóðfæraleik. Ég æfði vöðva og bein á gítarum með það markmið að gítarinn yrði einhverskonar framlenging á líkamanum og undirmeðvitundin tæki við af meðvitundinni. Á sama hátt lærir líkami okkar á rýmið sem hann er í. Arkitektinn Tadao Ando segir að nútíma arkitektúr eigi það til að einblína of mikið á sjónina, ytra umhverfið eða hvort hlutir líti vel út eða ekki. Það gleymist að hugsa um hvort líkamanum líði vel. Hann telur að það megi samt sem áður ekki einungis hugsa um það líkamlega. Honum finnst gott að byrja hönnunarferlið með því að afmarka sig við hið líkamlega, svo fer hann og einblínir einungis á það sjónræna. Í lokin tekur hann báða þessa þætti og reynir að láta þá mætast.¹⁶

Rými lyktar

Við þurfum aðeins átta sameindir til að lyktarskynið örvist og jafnframt getum við skynjað meira en 10.000 afbrigði lyktar.¹⁷ Til að setja það í samhengi er fjöldi sameinda í einu sandkorni um það bil 500 milljón sinnum fleiri en fjöldi vetrarbrauta í alheiminum.¹⁸ Lyktin er oft það sem við munum einna helst eftir frá rýmum. Hún getur komið manni aftur huglægt í rými sem er okkur gleymt sjónrænt.¹⁹

Lyktarskyn mannfólks og fleirri dýra skiptist í raun í tvö kerfi og eru þau óháð hvor öðru. Neðarlega í nefinu á okkur, eða um það bil fyrir ofan góm, er fyrra kerfið og það seinna er mun ofar í nefinu. Það fyrra er sífellt starfandi en finnur ekki lykt, heldur skynjar eitthvað sem ekki er hægt að skilgreina. Við finnum hinsvegar lykt með því seinna þegar við öndum ákveðið að okkur með nefinu, eins og hundar sniffa. Ef einstaklingur er til að

¹⁴ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 63.

¹⁵ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 64.

¹⁶ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 64-67.

¹⁷ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 58.

¹⁸ „How many atoms are there in a grain of sand?“, *Quora*, sótt 7. desember 2015 af <https://www.quora.com/How-many-atoms-are-there-in-a-grain-of-sand>.

¹⁹ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 58.

mynda önnum kafinn við einhver störf, og það er kveiknað í nálægt, þá skynjar fyrra kerfið eitthvað og slekkur á heilanum og sjálkrafa lítur einstaklingurinn upp og sniffar. Það er ekki fyrr en þá sem hann finnur í raun lykt. Þetta notafæra ernir sér meðvitað í leit að bráð. Þeir sveima um og fara ekki að leita af bráð fyrr en þeir skynja. Þetta má líka tengja við þegar fólk telur sig hafa fundið eitthvað á sér því það er einmitt það sem gerist. Fyrra kerfið kallar fram breytingu á líðan okkar eins og óróleika eða ró. Ungabörn sofa mun betur í kringum foreldra sína því þau róast. Það er ekki lyktinni að þakka heldur er það skynjunin, sem erfitt er að skilgreina. Seinna kerfið kallar fram tilfinningar, það eru tilfinningar sem geta til að mynda komið okkur huglægt í fortíðina.²⁰

Í fyrsta skipti sem ég fór í leikhús var ég eflaust á bilinu fjögurra til sex ára gamall. Ég á eina minningu frá þessari upplifun og minningin er virkilega sterk. Hvaða sýningu ég sá, hef ég ekki hugmynd um, það eina sem ég man eftir er lyktin í rýminu. Juhani Pallasmaa kemur einnig inn á það að lykt hjálpi augunum að muna.²¹ Gæði rýmis eða ákveðins staðar eru ekki einungis sjónræn eins og yfirleitt er gert ráð fyrir.²² Þegar við upplifum ákveðinn stað eða rými notumst við við flókið samspil skynjana og óteljandi þátta sem líkaminn tekur inn á augabragði og skynjar sem andrúmsloft.²³

²⁰ Samtal við Sveinbjörn Gizurarson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði: Lyfjafræðideild við Háskóla Íslands, 9. desember, 2015.

²¹ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 44.

²² Gernot Böhme, Juhani Pallasmaa og Peter Zumthor, OASE 91: Sfeer bouwen: Building atmosphere, Rotterdam: Nai010 Uitg, 2013, bls. 7.

²³ Zumthor, *Atmospheres*, bls. 13.

2. Andrúmsloft (Atmosphere)

Til að fá tilfinningu fyrir því hvað andrúmsloft í byggingum er, getur verið hjálplegt að færa það yfir á aðrar listgreinar. Ef við tökum málverk fyrir eru það litir og ljós sem stjórna andrúmslofti verksins. Ef til vill ryþmi og áferð líka í einhverjum tilfellum. Ég tek undir orð Pallasmaa þar sem hann segir að tónlist sé sterk tenging við andrúmsloft og sé í raun andrúm eða rými sem er búið til úr hljóði. Ekki bara hljóði, heldur getir þú fundið fyrir rými í tónlistinni með skinninu og vöðvunum. Paavo Heininen sem er ef til vill einn af bestu lagahöfundum Finnlands sagði eitt sinn að síðasta stigið í að semja og dæma gæði verks væri að liggja inn í því eins og í sófa. Þannig leyfir hann verkunum að spilast á líkama sinn og vöðva og fínstillir þau út frá því.

Ef við skoðum bókmenntir með sama hætti þá er skáldsaga frá fyrstu til síðustu blaðsíðu ákveðið andrúmsloft. Skáldsagan sagnar mann inn í heim sem mótaður er með eigin tilfinningum.²⁴ Þegar við skynjum rými er það upplifun sem við skynjum á einu augnabliki.²⁵ Við skynjum það, eins og fram hefur komið, með öllum skynfærum okkar. Til að geta upplifað arkitektúr þarftu að gera það í eigin líkama en ekki á mynd. Pallasmaa segir að það þurfi að nást jafnvægi á milli þekkingar og reynslu til að geta þróað næmni fyrir andrúmslofti og að sú tilfinning gæti verið sjötta skilningarvitið okkar.²⁶

Andrúmsloft er ef til vill sambland af persónulegri og tilfinningalegri upplifun okkar á rými. Þessi blanda mótast af áhrifum mismunandi efna, staðbundins skala, öldrunar efna, samtengingar efna og tengingu umhverfis eða staðar við byggingar í nágrenninu, ryþma og ljósi. Þetta eru í raun einkennandi birtingarmyndir af sameiginlegri nálægð líkamans og staðarins. Mörg þessara atriða eru varla skilgreinanleg en eru fyrst og fremst heildstæð upplifun.²⁷ Þegar Peter Zumthor var spurður að því hvað kæmi fyrst upp í hugann þegar hann hugsaði um andrúmsloft, svaraði hann: „Þegar þú spyrð mig að því hvað kemur upp í huga minn þegar ég hugsa um þema andrúmslofts, þá er það þessi tilvist sögunnar: gamlar verksmiðjur, iðnaðarbyggingar – reyndar sérstaklega gamlar múrsteinsverksmiðjur: byggingar með heiðarlegu burðarvirki, fullar af andrúmslofti.“²⁸

²⁴ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 35.

²⁵ Zumthor, *Atmospheres*, bls. 13.

²⁶ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 7.

²⁷ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 9.

²⁸ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 63. Þýðing höfundar á eftirfarandi texta: When you ask me what comes to my mind when I think of the theme of atmosphere, it is this presence of history: old factories, industrial

Við þessi orð Zumthor tengi ég og tel að gott dæmi um verksmiðju hér á Íslandi sé gamla síldarbræðslan á Djúpuvík á Ströndum. Yfirgefin verksmiðja sem geymir í sér mikla sögu sem gefur staðnum staðfestu. Fossinn í fjallinu og ósnerta náttúran, gamla bergið í fjöllum, sjávarlyktin og taktfasta hljóðið í öldunum sem skammta okkur söng fossins í fjallinu milli hverrar báru. Maður sér kraftmiklar vísbendingar um söguna, eins og skipið sem hefur strandað við húsgaflinn og veðrast og ryðgað þar í áranna rás. Verkfæri og vélar eru enn eins og einhver ætli að koma til vinnu daginn eftir, svo ekki sé minnst á söguna sem umleikur tólin og tækin. Steypan geymir í sér fárviðrin sem hafa skolið á henni, hvernig hún var upphituð og út frá svörtu skáninni kringum skorsteinana má jafnvel álykta hversu oft. Þegar gengið er um bygginguna er hægt að finna fyrir nærveru þeirra sem notuðu bygginguna áður. Hægt er að ímynda sér ýmislegt og öll skynfærin hjálpast að við að upplifa andrúmsloftið sem hægt er að baða sig í. Andrúmsloft sögunnar umlykur mann.

Saga er mjög mikilvæg fyrir okkur. Hún gefur okkur tilfinningu fyrir uppruna okkar. Við erum ekki bara geimverur hér á jörð og við erum ekki yfir allt hafin. Sagan gefur okkur fótfestu. Flest allt í kringum mann hefur lifað mun lengur en mannfólkið. Það er gott fyrir okkur. Sagan sem um ræðir er ekki saga sem við lærum í skóla heldur mun dýpri og abstrakt saga.²⁹

buildings – specifically old brick factories actually: pure constructions, full of atmosphere.”.

²⁹ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 63.

3. Saga í náttúrulegum efnum

Náttúruleg efni eins og steinn og viður hafa yfirborð sem geymir í sér upplýsingar. Þau leika við öll skynfærin og eru heiðarleg. Hægt er að sjá sögu efnanna, reynslu og minningar og þau gefa frá sér ákveðið andrúmsloft þar sem hægt er að tengja þau við tíma.³⁰ Allt sem kemur frá náttúrunni varðveitt í raun söguna um hvernig það varð til. Þú getur lesið það út frá steini, þú getur einnig lesið það út frá manneskju.³¹ Eftir að hafa séð borgaryfirvöld í Vín þrifa sögu borgarinnar af gömlu steinhúsunum skildi ég mikilvægi þess að leyfa efnum að dafna sjálfstætt því þau gefa okkur svo mikið sem mér finnst erfitt að útskýra fyrir sjálfum mér. Það var átak hjá borgaryfirvöldum að þrifa öll gömul hús borgarinnar með háprýstidælum og mála þau svo flest öll í hvítum lit. Ég skildi ekki að fólki stæði á sama. Ég hélt að gamla sótið í steininum gæfi flestum það sama og mér. En það er greinilega samfélagslegt og persónubundið hvort þú berir skynbragð á hið forgengilega eða hreinlega áttir þig á gæðunum sem sagan í efninu gefur frá sér.

Til er Kínversk heimspekistefna frá 13. öld sem heitir Wabi-Sabi. Þessi heimspekistefna var mótsögn og ádeila á undirliggjandi gildi sem voru í listum í vestrænum samfélögum eins og fullkomleika, glæsileika, samhverfu og alls þess sem er varanlegt. Í Wabi-Sabi er lögð áhersla á ófullkomleika, hógværð, ósamhverfu og það sem er tímabundið. Í dag er enn raunhæft að bera þessi undirliggjandi gildi saman, sem eru nánast andstæður. Í stefnunni er einnig horft á fegurðina í hringrás lífsins. Líf kemur og fer, hamingja og sorg. Það tengir okkur við raunveruleikann og það að við séum mennsk. Leitað er að fegurð í heiðarleika náttúrunnar og í dýpt sögunnar.³² Gott dæmi eru hefðbundin teiús. Í Wabi-Sabi verður vægi bambuss moldar og pappírs mun mikilvægara en gull, demantar eða silfur. Spurt er hvaða efni segja okkur að við séum hluti af alheiminum, óreglu í yfirborði efna er fagnað, en ekki síst sögunni í efninu. Þau efni sem eru á yfirborðinu viðkvæm fyrir veðurálagi eða fyrir notkun mannsins og breytast með tíma. Til að mynda sprungur, beyglur, upplitun, ryð og annað er í raun gæði, því það er

³⁰ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 23.

³¹ Louis I. Kahn, *Conversations with students*, 2. útg., Texas: Rice university school of architecture, 1998, bls. 18.

³² Andrew Juniper, *Wabi sabi: The Japanese art of impermanence*, United state of America: Tuttle publishing, 2003, bls. 0-3.

vegvisir sögunnar sem efnið hefur mátt þola. Efnið er náttúrulegt eins og mannskepnan.³³ Ef við tengjum þetta við skynfærin okkar og andrúmsloft, sjáum við hversu mikil áhrif efni geta haft á upplifun okkar. Ef upplifun húðarinnar væri eingöngu skoðuð í tengslum við rými og efni, myndum við eflaust mikinn mun á því að vera stödd inn í steypu- og glerbyggingu eða í timburhúsi. Ástæðan er sú að timbur stelar ekki orku frá líkamanum eins og steypa og gler myndu stela hita. Bara sú breyting fyrir húðina breytir strax upplifuninni og verður þar af leiðandi áhrifavaldur á andrúmsloftið.³⁴

Arkitektinn Peter Zumthor er á því að efni og rými séu það allra mikilvægasta í arkitektúr. Hann byrjar allar hugmyndir að byggingum með efni í huga og telur að form sé eitthvað sem megi mæta afgangi.³⁵ Arkitektinn Frank Lloyd Wright talaði um að upplifun okkar á innirýmum bygginga ætti að vera byrjunarnálgunin fyrir allan arkitektúr. Við skynjum þau rými með öllum skynfærunum. Hann trúði því að það þurfi að upplifa byggingar til að skilja þær en ekki dæma út frá myndum. Það á svo að vera innanfrá sem byggingin finnur form sitt.³⁶

Þetta þarf að hafa í huga að mínu mati. Einnig mætti bæta við orðinu heiðarleiki, en Frank Lloyd Wright talaði um að byggingin ætti að vera heiðarleg eins og flestir vilja að manneskjurnar séu. Heiðarleiki í efnunum gæti verið ein af mikilvægustu gæðum bygginga.³⁷ Fólki sem er andlega veikt getur verið næmara en aðrir fyrir óheiðarleika í efnunum, sem ætti að sýna að það hefur undirliggjandi áhrif á okkur öll. Eins og kom fram í rannsókninni *Creating Healing Environments* hafði til að mynda stálhurð sem klædd var með plastfilmu, sem líkti eftir timbri, verulega truflandi áhrif á geðsjúkra húsi. Þetta var vegna þess að viður ætti í eðli sínu að vera léttari, heitari og mýkri en stálhurðin sem var köld og þung. Niðurstöður rannsóknarinnar sögðu einnig að heiðarleiki í yfirborði efna væri mikilvægur þáttur í bata sjúklinga. Þannig áttu efni að segja hver þau væru og forðast ætti að dulbúa þau sem eitthvað annað.³⁸ Það að efni og heiðarleiki hafi áhrif á okkur er kannski ekki eitthvað sem við erum stanslaust meðvituð um en líkami okkar geymir í sér upplýsingar og er í stöðugum mælingum og viðræðum við rými og umhverfi.³⁹

³³ Leonard Koren, *Wabi-Sabi for artists, designers, poets and philosophers*, United state of America: Imperfect publishing, 2008, bls. 61.

³⁴ Michael Kimmelman, „The ascension of Peter Zumthor,” *The New York times magazine*, 13. mars 2011, bls. MM32.

³⁵ Robin Pogrebin, „Pritzker Prize Goes to Peter Zumthor,” *The New York times magazine*, 12. apríl 2009, bls. C1.

³⁶ Robert McCarter, *Frank Lloyd Wright: architect*, London: Reaktion books Ltd, 2006, bls. 202.

³⁷ McCarter, *Frank Lloyd Wright*, bls. 198.

³⁸ Mazuch og Stephen, „Creating healing environments,” bls. 48-52.

³⁹ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 47.

Ég hef oft lent í því að vera inni í rými og finnast ég allt í einu tíu kílóum léttari þegar eitthvað skerandi lágstemmt hljóð, sem ég var ekki meðvitaður um, hættir. Þá finnur maður hvernig líkaminn slaknar og gerir sér grein fyrir því að hafa verið virkilega upptrekkur og pirraður. Þær tilfinningar les ég aftur í tímann. Þetta held ég að sé tilfellið með andrúmsloft efna. Við erum ekki endilega meðvituð um hvað þau gera fyrir okkur en þau hafa ef til vill afgerandi áhrif á upplifun okkar.

Tónskáldið John Cage sagði að þögn væri ekki til. Hann samdi verkið *4'33"* sem er bara þögn á nótnablöðunum. Tónleikagestir sitja og horfa á sinfóníuhljómsveit og bíða þess að hún byrji að spila. Spenna byrjar að myndast, hljóð byggingarinnar og umhverfisins, sem fólk er ekki endilega meðvitað um, verður verkið.⁴⁰

Peter Zumthor talar um að samsetningar efna séu einnig virkilega mikilvægir þættir. Öll efni hafa ákveðna tíðni og þau bregðast við hvort öðru. Með því gefur samsetning tveggja efna kost á einhverju alveg einstöku. Efnin geta upphafið hvort annað. Þetta reynir Zumthor oft að gera í byggingum en stundum sér hann að efnin eru allt of fjarlæg og ná ekki að tala saman. Mikilvægt er að þjálfast sig í þessu eins og öðru en hann segir að honum finnist eins og arkitektinn Palladio hafi haft einstaklega góðan hæfileika til að skynja vægi og samtal efna.⁴¹

⁴⁰ Alex Ross, „Searching for Silence,” *The New Yorker*, sótt 4. október 2010 af <http://www.newyorker.com/magazine/2010/10/04/searching-for-silence>

⁴¹ Zumthor, *Atmospheres*, bls. 25-29.

4. Nýbyggingar

Nýbyggingar í dag eru að mestu búnar til úr efnum sem eru mikið unnin eða gerviefnum sem hafa fyrir löngu misst öll tengsl við uppruna sinn, sögu og náttúru. Þau eru okkur fjarlæg og ópersónuleg og þar af leiðandi gera þau lítið fyrir skynfæri okkar.⁴² Ég hef þá tilfinningu að í okkar kapitalíska samfélagi sé húsum „hent upp“ einungis í hagnaðarskyni fyrir byggingaraðila en ekki neytendur. „Á Íslandi eru til eldhúsinnréttingar sem eiga að baki fleiri hönnunarstundir heldur en blokk með hundrað íbúðum.“⁴³ Í þessu umhverfi verða byggingar fjarlæggar, flatar og óraunverulegar og þar af leiðandi fer hönnunin að snúast um augað en ekki skynfæri okkar. Sú þróun færir okkur fjær raunveruleikanum í stað þess að jarðtengja okkur og tengja við núvitundina.⁴⁴ Þetta er mikilvægt þar sem rannsóknir hafa sýnt að um leið og bygging fer að aftengja okkur frá náttúrunni getur hún ýtt undir þunglyndi og streitu.⁴⁵

Þrátt fyrir að samfélag okkar sé grundvallað á tækni krefst mannskepan þess að líkamleg tilvist hennar sé viðurkennd og að friðhelgi hennar sé virt. Því þarf það ekki að koma á óvart að hugmyndir um líkamann í arkitektúr hafi verið endurskoðaðar. Arkitektúr er mótaður af tækni að minnsta kosti jafn mikið og líkamlegum þörfum.

Það skeið sem arkitektúr hefur leyft sér að einblína á hlutlægar hliðar, í þeirri trú að byggingin sjálf sé miðpunkturinn, er mjög takmarkað. Klassíski módernisminn var eitt slíkt tímabil og þá sérstaklega Bauhaus stefnan sem lagði áherslu á beinar línur, skynsemi, byggingartækni og notagildi. Þessi atriði skilgreindu byggingar í fjöldasamfélagi sósíalísmans, nasísmans og kapítalísmans. Í Bauhaus stefnunni skipti ekki máli í sköpun rýmis að huga að huglægri og líkamlegri tilvist mannsins.⁴⁶ Byggingar áttu að vera eins og vélar. Þær áttu að vera fjöldaframleiddar og staðlaðar til að gefa fólki sama vægi. Þar af

⁴² Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 41.

⁴³ Andri Snær Magnússon, „Hæg breytileg átt – eða norðanbál?“, í *Hæg breytileg átt*, Anna María Bogadóttir ritstýrði, 183-189, Reykjavík: Hönnunarsjóður Auroru, 2015, bls. 187.

⁴⁴ Botond Bognár og Kengo Kuma, *Material immaterial: The new work of Kengo Kuma*, New York: Princeton Architectural Press, 2009, bls. 30.

⁴⁵ Kathleen Connellan, Mads Gaardboe, Damien Riggs og fl., „Stressed spaces: Mental health and architecture,“ *HERD: Health environments research & design journal* 6, 4 (1. júlí 2013): bls. 127-168.

⁴⁶ Böhme, Pallasmaa, Zumthor, *OASE 91*, bls. 21

leiðandi yrðu húsin hagstæð, falleg og hrein eins og önnur tæki og tól. Með því minnkaði hvatinn til að nota staðbundin efni og hin sterka tenging byggingar við stað fór dvínandi.⁴⁷

Peter Zumthor talaði um að fyrsta verkefni hans hefði verið að skoða gamlan bæ með gömlum hefðbundnum húsum og finna út hvað það var sem gerði húsin svona sérstök og falleg. Fyrir hann sem arkitekt þurfti hann að vinna bug á gildum módernismans þar sem allt átti að vera nýtt og ekkert mátti hafa sögu. Bauhaus er fyrir honum takmarkandi í því ljósi þar sem stefnan dregur úr möguleikanum á því að gera ráð fyrir sögunni. Þetta verkefni hjálpaði Zumthor að sjá það ásamt því að sjá hversu gildin í sögunni eru sterk.⁴⁸

Arkitektinn Sverre Fehn var að mótast sem arkitekt þegar módernisminn var hvað sterkastur. Hann fór til Marokkó og velti fyrir sér uppruninum. Þar heillaðist hann af húsum sem risu upp úr jörðinni. Byggingar sem voru skýrar og rökréttar eins og náttúran. Hann kom heim til Noregs með breytt viðhorf gagnvart efnum og burðarvirki. Þetta er hægt að sjá í verkum hans.⁴⁹ Þetta gerði Louis Kahn einnig. Hann fór til Rómar og fékk hugljómun um það hvað raunverulega skiptir okkur máli. Eftir það barðist hann að einhverju leyti á móti straumnum en er í dag talinn einn af bestu arkitektum síns tíma og byggingar hans sagðar fullar af andrúmslofti.⁵⁰ Frank Loyd Wright sagði oft að hann væri að varðveita og gefa gömlu tímalausu gildunum vægi og gefa innsýn inn í grundvallaratriði mannlegs eðlis þegar hann talaði um sína nálgun á arkitektúr.⁵¹ Það sem þessir arkitektar eiga sameiginlegt, að mínu mati, er að grafa eftir því sem vantaði í nútíma byggingalist þeirra tíma. Það sem einnig einkenndi módernismann voru hvítir veggir en flestar nýbyggingar hér á Íslandi afhendast enn í dag oftar en ekki með hvítmáluðum steypu- og gipsveggjum sem er að mínu mati ópersónulegt og dautt.

Í ritgerð frá árinu 1976 eftir Brian O'Doherty sem ber nafnið *Inside the White Cube* eða Inn í hvíta kubbnum, talar hann um hvíta rýmið. Hann tengir það við sýningarsali fyrir list og með því að hreinsa allt að innan og mála hvítt sé listinni gefið aukið vægi. Rýmið verður hreint og tímalaut og á fyrst og fremst að virka frjálst og yfir alheiminn hafið þar sem engin notkun eða virkni sést á rýminu. Með öðrum orðum, þú munt upplifa þig sem stað- og tímalausa manneskju.⁵² Þegar efni virðast okkur tímalaus eru þau í raun óheiðarleg

⁴⁷ Mohsen Mostafavi og David Leatherbarrow, *On Weathering: The Life of Buildings in Time*, United state of America: DEKR corporation, 2005, bls. 16-17.

⁴⁸ Kimmelman, „The ascension of Peter Zumthor,” bls. MM32.

⁴⁹ Andrew Todd, „Sverre Fehn,” *The guardian*, sótt 28. október 2015 af

<http://www.theguardian.com/artanddesign/2009/apr/28/obituary-sverre-fehn-architecture>.

⁵⁰ *My architect*, DVD, leikstjóri Nathaniel Kahn, USA: New Yorker films, 2003.

⁵¹ McCarter, *Frank Lloyd Wright*, bls. 201.

⁵² Brian O'Doherty, *Inside the white cube: The Ideology of the Gallery Space*, stækkuð útg., London: University of California press, 1999.

því ekkert er tímalaust og allt mun deyja á endanum. Það eina sem er tímalaust er þar af leiðandi hugsunin ein.⁵³ Samfélag sem er alið á hræðslu við dauðann í stað fegurðar forgengileikans laðast eflaust að efnunum sem virðast alltaf ný og er það án efa ein ástæða fyrir þróun á efnisvali í flestum nýbyggingum í dag. Allt á að glansa og vera eins og nýtt.⁵⁴ Ef við búum til umhverfi sem er óheiðarlegt gagnvart tíma, gerir það okkur tímalaus og þar af leiðandi hugsum við ekki um afleiðingarnar fram í tímann.⁵⁵

Heidegger sagði að fólk þyrfti að vera meira meðvitað um dauðann og skrifaði um það að lifa ljóðrænt. Það að horfast í augu við dauðann og vita að ekkert sé óendanlegt gefur okkur nýja nálgun á líf okkar. Að vera meðvituð um dauðann er sem sagt hollt fyrir sál okkar og okkur sem persónur. Það er þá sem að maður fer að lifa fyrir sjálfan sig, en ekki í heimi sem fólk dregst oft inn í og fer að lifa fyrir aðra. Eða öllu heldur hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst og reyna að ganga í augun á fólki sem í raun og veru er alveg sama um aðra. Maður verður jarðbundnari og meðvitaðari um lífið og umhverfið. Heidegger sagði til að mynda að fólk ætti að eyða meiri tíma í kirkjugörðum.⁵⁶

Ég tel að við þurfum náttúru og við þurfum söguna sem hefur safnast upp í henni til að vera meðvituð um tíma og stað. Í rannsókninni *View through a window may influence recovery from surgery*, eða Útsýni út um glugga getur haft áhrif á bata sjúklinga eftir aðgerð, var rannsóknarefnið tvö alveg eins herbergi. Eini munurinn var útsýnið út um gluggann. Annað herbergið hafði útsýni á tré í garðinum en hitt með útsýni á útvegg. Þeir sjúklingar sem dvöldu í herberginu sem hafði útsýnið á tréin þurftu minna af lyfjum og voru töluvert fyrr að jafna sig.⁵⁷

Í nútíma samfélagi tel ég að við þurfum að horfa á möguleikann á að tengja náttúruna inn í byggingarnar. Það þarf að lesa í staðinn og spyrja hvaða efni staðurinn vill að við notum og hvernig við eigum að staðsetja okkur. Ef til vil eru það áhrif módernismans og kapítalismans sem gera það að verkum að byggingum á Íslandi er bara hent upp, á máta sem minnir helst á offramleiðslu og svipað því við sjáum á færriböndum. Ekkert er spurt að því hvort það sé útsýni í boði eða hvort að lóðin henti betur fyrir leikvöll. Verktakar spara með því að nota sömu teikningarnar aftur og aftur, án þess að vera í nokkru samtali við staðinn, einungis til að geta hámarkað gróðann. Á meðan þeir eru

⁵³ Juniper, *Wabi sabi*, bls. 7.

⁵⁴ Pallasmaa, *The eyes of the skin*, bls. 34.

⁵⁵ Andri Snær, „Hæg breytileg átt – eða norðan bál?“, bls. 186.

⁵⁶ The school of life, „Heidegger in the kitchen,“ myndband, 4:16, sótt 2. desember 2015 af <https://www.youtube.com/watch?v=JpenjeR6BXE>.

⁵⁷ Roger S. Ulrich og fl., „View through a window may influence recovery from surgery,“ *Science*, 11. mars, 2007, bls 420-421.

að því eru arkitektar uppteknir við að teikna allir sömu bygginguna fyrir samkeppni. Skila svo nánast fullkláruðum teikningum inn þar sem aðeins ein tillaga er valin. Hugsum okkur hvað væri hægt að gera við alla hönnunarorkuna sem fer til spillis. Það að „henda upp“ heilu hverfunum án þess að spá í afleiðingarnar næstu 200 árin er grundvallarmisskilningur á því að vera mannvera á stað í tíma. „Stundum finnst manni eins og byggingar síðustu 15 ára hafi verið eins og öfug loftárás, það er að segja, við sitjum uppi með þúsundir húsa sem hafa verið reist á vitlausum stöðum á vitlausum forsendum.“⁵⁸

Þegar hugsað er um nýbyggingar er ekki hægt að ná þessari notkunarsögu í efnin en við getum gert ráð fyrir henni í framtíðinni og notað sögu og heiðarleika efnanna í staðinn með því að færa náttúru efni inn í byggingar. Nútíma efni, eins og gler og gerviefni, hafa ekki þann eiginleika að geta geymt í sér djúpa sögu.⁵⁹ Þessi hugsun er í sjálfu sér ekkert ný, en ég finn hvað hún höfðar sterkt til mín þegar ég skoða ákveðið hús við Sunnubraut í Kópavogi, sem er hannað af Högnu Sigurðardóttur. Högna notar steypu að innan sem utan, náttúrustein á gólf og timbur í innréttingar og hurðir. Hún grefur fyrir blómum í völdum gluggum og tengir byggingu við landslag lóðarinnar. Í steypuna fellir hún inn í steinhellur sem fylgja manni inn. Þegar inn er komið fær hver og ein steinhella mun meira vægi og maður fer að skynja sérkenni og sögu hverrar og einnar.⁶⁰ Þarna er hún í mínum huga að skapa andrúmsloft í tengslum við staðinn.

⁵⁸ Andri Snær, „Hæg breytileg átt – eða norðan bál?“, bls. 188.

⁵⁹ Holl, Pallasmaa og Pérez Gómez, *Questions of Perception*, bls. 41.

⁶⁰ Högna Sigurðardóttir, *Anspach: Revealing the social content*, Helsinki: Museum of Finnish architecture, 1992.

Lokaorð

Það leikur enginn vafi á að náttúran hefur áhrif á líðan okkar til hins betra sé tekið mark á rannsóknunum sem ég hef vitnað í hér á undan. Með því að skilja og finna hvernig líkamar okkar mæta og upplifa náttúruna ættu arkitektar að geta tekið marga þætti hennar inn í byggingar. Með því að þjálfra skilning okkar á efnum ásamt því að gefa sögu þeirra og verðandi notkunar sögu gildi, getum við hannað byggingar sem gefa okkur staðfestu og tilfinningu fyrir því að við eigum okkur forvera og séum ekki yfir allt hafin.

Gerviefni og ópersónuleg efni gefa okkur ekki það sama og náttúruleg efni. Arkitektar þurfa að þjálfra sig í blöndun efna og skilja tungumál hvers efnis fyrir sig. Þannig gætu arkitektar stjórnað andrúmslofti bygginga í ríkara mæli. Að mínu mati er alls ekki nægur skilningur eða meðvitund um þessi mál á Íslandi og finnst mér flest allar nýbyggingar flokkast í einhvern ruslflokk sé mælikvarðinn sá hvort nýbyggingarnar hreyfi við mér eða ekki. Það sem hreyfir við mér í manngerðu umhverfi er í raun allt það sem ritgerðin hefur komið inn á, sterkt andrúmsloft og jarðtenging. Þar gegnir sagan sem bindur sig í efni hússins verulega sterku hlutverki. Ég vil finna fyrir tímanum samhliða forgengileikanum og vona að fleiri tengi við það og sjái gæðin í sögunni.

Það er við hæfi að enda þessa ritgerð á orðum Frank Gehry en ég held að hann hafi einnig verið að tala um sjálfan sig, en dæmi nú hver fyrir sig. Eftir að hafa lyft löngutöng upp í loftið og otað henni að mönnum sagði Gehry: „Leyfðu mér að segja ykkur eitt. Í þessum heimi sem við lifum í eru 98 prósent af öllum húsum sem eru hönnuð og byggð í dag, algjört rusl.“ Svo hélt hann áfram: „Það er engin tilfinning fyrir hönnun eða virðing fyrir mannkyninu eða nokkru öðru. Þetta eru vondar byggingar og þannig er það bara.“⁶¹

Það væri gott að enda ritgerðina á þennan hátt, en er það heiðarlegt? Í raun var ég búinn að marka mér stefnu frá upphafi. Ég ætlaði mér að upphefja náttúruleg efni og söguna sem samtvinnast byggingarefninu sem mér finnst eftir bestu sannfæringu vera svo mikilvæg eftir persónulega upplifun á ferðalagi mínu um Evrópu og þá aðallega búsetu mína í

⁶¹ Inés Martín Rodrigo, „98% of what gets built today is shit“ says Frank Gehry, *Dezeen Magazine*, sótt 24. október af <http://www.dezeen.com/2014/10/24/98-percent-of-architecture-is-bad-says-frank-gehry-middle-finger/>

Þýðing höfundar á eftirfarandi texta: "Let me tell you one thing. In the world we live in, 98 per cent of what gets built and designed today is pure shit," responded Gehry after raising his middle finger. "There's no sense of design nor respect for humanity or anything. They're bad buildings and that's it."

Vínarborg. Ég er ekki að segja að ég sé óánægður með útkomuna en ég tel að það þurfi að hafa í huga vald mitt til að ýta undir það sem ég vildi ná fram. Öll áherslan að sexþúsund orða markinu, sem rammi ritgerðarinnar snýst um, fór í að finna heimildir sem henta minni sannfæringu. Þannig er ritgerðin engan veginn tæmandi eða hlutlaus. Sú regla að heimildaritgerð sé ekki skrifuð í fyrstu persónu, vegna þess að hún eigi að vera hlutlaus, tel ég vera ákveðna skekkju. Það er alltaf einhver á bak við skrifin með skoðanir og jafnvel eins og í mínu tilviki með ákveðna fyrirfram gefna sýn. Þó svo að vald mitt liggir í að geta stýrt efninu þarf ég samt sem áður að vera innan ákveðins ramma í túlkuninni á heimildunum, sem segir mér að við sem erum að skrifa heimildaritgerðir erum að endurskrifa aftur og aftur það sem er þegar búið að skrifa. Þar er aftur engin hlutlaus. Þá má velta fyrir sér hverjir það séu sem skrifað hafa söguna að mestum hluta. eru það ekki hvítir gagnkynheigðir karlmenn?

Ég er einnig hvítur gagnkynheigður karlmaður. Flestallar heimildirnar sem ég fann til að styðja mitt mál í ritgerðarsmíðinni eru skrifaðar af hvítum gagnkynhneigðum körlum. Þetta þarf lesandi að hafa í huga þegar hann túlkar og tekur inn það sem ég hef skrifað. Ég hef í raun ekki einu sinni vald þó svo að ég fái að stjórna ferðinni. Það eru þeir sem hafa skrifað söguna sem hafa í raun allt valdið í hendi sér. Það gerir það að verkum að mínu mati að margar ritgerðir sem skrifaðar eru í dag, og þar á meðal þessi hér, eru karlægar og að hin sterka uppsveifla feminismans á enn langt í land. Þótt ég hafi verið meðvitaður um það í heimildaleit minni eru alltaf yfirgnæfandi líkur á því að maður finni karllægt efni til að styðja mál sitt. Ég bara fann í raun það sem ég þurfti. Þó svo að ég komi inn á mína persónulegu upplifun og það að ég sé að reyna að skrifa út frá eigin sannfæringu verður lesandinn að vera gagnrýninn á allt efnið sem hér á undan kom og það fasta form sem heimildaritgerðin er.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Andri Snær Magnússon, *Hæg breytileg átt – eða norðan bál?*, í *Hæg breytileg átt*, Anna María Bogadóttir ritstýrði, Reykjavík: Hönnunarsjóður Auroru, 2015.

Bognár, Botond og Kengo Kuma, *Material immaterial: The new work of Kengo Kuma*, New York: Princeton Architectural Press, 2009.

Connellan, Kathleen, Mads Gaardboe, Damien Riggs og fl., „Stressed spaces: Mental health and architecture,” *HERD: Health environments research & design journal* 6, 4 (1. júlí 2013): bls. 127-168.

Böhme, Gernot, Juhani Pallasmaa og Peter Zumthor, *OASE 91: Sfeer bouwen: Building atmosphere*, Rotterdam: Nai010 Uitg, 2013

Högna Sigurðardóttir, *Anspach: Revealing the social content*, Helsinki: Museum of Finnish architecture, 1992.

Holl, Steven, Juhani Pallasmaa og Alberto Pérez Gómez, *Questions of Perception: Phenomenology of Architecture*, new ed, San Francisco, CA: William Stout, 2006.

Joye, Yannick, „Architectural Lessons from Environmental Psychology: The case of biophilic architecture,” *Review of general psychology* 11, (2007): bls. 305-328.

Juniper, Andrew, *Wabi sabi: The Japanese art of impermanence*, United state of America: Tuttle publishing, 2003.

Kahn, Louis I., *Conversations with students*, 2. útg., Texas: Rice university school of architecture, 1998.

Kimmelman, Michael, „The ascension of Peter Zumthor,” *The New York times magazine*, 13. mars 2011, bls. MM32.

Koren, Leonard, *Wabi-Sabi for artists, designers, poets and philosophers*, United state of America: Imperfect publishing, 2008.

Manaugh, Geoff, *The bldg blog book*, San Francisco: Chronicle books, 2009.

Mazuch, Richard og Rona Stephen, „Creating healing environments,” *Journal of public mental health* 4.4, (desember 2005): bls. 48-52.

McCarter, Robert, *Frank Lloyd Wright: architect*, London: Reaktion books Ltd, 2006.

Mostafavi, Mohsen og David Leatherbarrow, *On Weathering: The Life of Buildings in Time*, United state of America: DEKR corporation, 2005.

My architect, DVD, leikstjóri Nathaniel Kahn, USA: New Yorker films, 2003

O'Doherty, Brian, *Inside the white cube: The Ideology of the Gallery Space*, stækkuð útg., London: University of California press, 1999.

Pallasmaa, Juhani, *The eyes of the skin: Architecture and the senses*, 2 útg., Chichester: Hoboken, NJ: John Wiley og Sons, 2005.

Pogrebin, Robin, „Pritzker Prize Goes to Peter Zumthor,” *The New York times magazine*, 12. apríl 2009: bls. C1.

Ulrich, Roger S., og fl., „View through a window may influence recovery from surgery,” *Science*, 11. mars, 2007, bls. 420-421.

Zumthor, Peter, *Atmospheres: Architectal Enviroments – Surrounding Objects*, Basel: Birkhauser, 2006.

Vefheimildir:

Frearson, Amy, „Architecture is not about form”, *Dezeen*, sótt 12. október af <http://www.dezeen.com/2013/02/06/peter-zumthor-at-the-royal-gold-medal-lecture-2013/>.

„How many atoms are there in a grain of sand?“, Quora, sótt 7. desember 2015 af <http://www.quora.com/How-many-atoms-are-there-in-a-grain-of-sand>.

Rodrigo, Inés Martín, „"98% of what gets built today is shit"says Frank Gehry", *Dezeen Magazine*, sótt 24. október af <http://www.dezeen.com/2014/10/24/98-percent-of-architecture-is-bad-says-frank-gehry-middle-finger/>

Ross, Alex, „Searching for Silence,” *The New Yorker*, 4. október 2010 af <http://www.newyorker.com/magazine/2010/10/04/searching-for-silence>

The school of life, „Heidegger in the kitchen,” myndband, 4:16, sótt 2. desember 2015 af <https://www.youtube.com/watch?v=JpenjeR6BXE>.

Todd, Andrew, „Sverre Fehn,” *The guardian*, sótt 28. október 2015 af <http://www.theguardian.com/artanddesign/2009/apr/28/obituary-sverre-fehn-architecture>.

Samtal:

Samtal við Sveinbjörn Gizurarson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði: Lyfjafræðideild við Háskóla Íslands, 9. desember, 2015.

Heimasíða Sveinbjörns er: <http://uni.hi.is/sveinbj/>